

## Spurningalisti vegna rannsóknar um formlegt foreldrasamstarf

**Rannsóknarspurning:** *Hver eru viðhorf þín til foreldrasamstarfs?*

### Uppbygging viðtals við kennara

1. Hver er bakgrunnur kennara?
2. Hver er stefna skólans sem hann kennir við í foreldrasamstarfi?
3. Hver eru viðhorf kennarans almennt til foreldrasamstarfsins?
4. Hver eru viðhorf kennarans til foreldrasamstarfsins sem er í vetur hjá honum?
5. Hver eru viðhorf kennarans til ýmissa leiða í foreldrasamstarfi?
6. Hvernig myndi hann vilja hafa samstarfið í framtíðinni?
7. Hvert er viðhorf kennarans til almenns og formlegs skólastarfs það er til ýmissa laga og reglna?

### 1. Bakgrunnur kennara

Hvað ertu gamall?

Hvar á landinu ertu fædd/ur?

Hver er menntun þín?

Hvað hefur þú langa kennslureynslu?

Telur þú að það hafi mótað þig sem kennara hvar þú er fædd og uppalin á landinu?

Hvað hefur þú kennt í mörgum skólum?

Hve lengi hefur þú kennt í þessum skóla?

Finnur þú mun á starfi þínu eftir skólum? Hvernig þá?

En á nemendum?

Hefur þú kennt á öllum skólastigum?

### Spurningar almenns eðlis

Hve fjölmennur er skólinn sem þú starfar við?

Ert þú umsjónarmaður í 7. bekk?

Hvað eru margir nemendur í bekknum hjá þér?

Hvernig er kynjaskiptingin?

Hvernig er nemendahópurinn?

Hvernig eru félagslegar aðstæður í hverfinu?

## **2. Stefna skólans í foreldrasamstarfi**

Hvernig er samstarfinu háttað á milli heimilis og skóla í þínum skóla?

Hver er stefna hans í foreldrasamstarfi?

Eru til fastmótaðar reglur í skólanum varðandi samstarfið?

Eru starfandi foreldrafélög og foreldraráð í skólanum?

Eru þau virk?

Hvernig gengur að fá foreldra til að taka þátt í slíkum störfum?

Telur þú grunnskólann nógu opinn fyrir þeim þjóðfélagsbreytingum sem átta hafa sér stað undanfarin ár varðandi foreldrasamstarf?

Ef Já. Hvernig þá?

Ef nei. Hvað þarf að lagfæra?

Telur þú að foreldrar fái næg tækifæri til að taka ábyrgan þátt í skólastarfinu?

Ertu sammála því að þeir fái að hafa margvísleg áhrif á skólastarfið?

Á hvern hátt?

Hvernig er upplýsingaflæðið í þínum skóla?

Hvaða boðleiðir eru notaðar á milli heimilis og skóla?

Finnst þér að skólinn og allir starfsmenn hans vera tilbúnir í opið samstarf við foreldrana?

Í hverju felst það?

## **3. Viðhorf kennarans almennt til foreldrasamstarfins**

Hver eru viðhorf þín til foreldrasamstarfs?

Hvers vegna/eða ekki, telur þú að foreldrasamstarf skipti máli í skólastarfi?

Hvernig telur þú að hægt sé að auka þátttöku og ábyrgð foreldra í skólastarfinu?

Hvert telur þú helsta hlutverk skólans vera?

Gagnvart nemendum?

Gagnvart foreldrum?

Hver á að stjórna námi barnsins?

Ertu sammála því að kennarar eigi að hafa áhrif á uppeldi þess?

Finnst þér foreldrar í þínum skóla vilja bera ábyrgð á námi barna sinna?

Ef já. Hvernig þá?

Ef nei. Hvað þarf að lagfæra?

Eru þeir virkir í skólastarfinu?

Mæta þeir:

Í foreldraviðtöl?

Námskynningar?

Foreldrakvöld?

Eða koma þeir með hugmyndir af skemmtilegum uppákomum svo sem nemendakvöldum, fá gesti í heimsókn eða stuðla að forvarnarstörfum?

Finnur þú mun á foreldrasamstarfi eftir skólastigum það er á yngsta-, mið- og unglíngastigi?

Ef já. Hvernig þá?

Ef nei. Hvað þarf að lagfæra?

Finnst þér vera gerðar meiri kröfur til kennarans á einhverju skólastigi?

Telur þú kennara gera öðruvísi kröfur til foreldra eftir aldri barnins?

Ef já. Hvernig þá?

Ef nei. Hvað þarf að lagfæra?

Af hverju heldur þú að svo sé?

Finnst þér þeir taka á ýmsum málum á annan hátt eftir aldri barnsins?

Ef já. Hvernig þá?

Ef nei. Hvað þarf að lagfæra?

Ertu sammála því?

En hvað með foreldrana?

Gera þeir mismunandi kröfur til kennara eftir aldri barnsins?

Í hverju er það fólgið?

Telur þú að samstarf heimilis og skóla vera báðum aðilum til góðs?

Ef svo er hvernig þá?

Ertu sammála því að kennari eigi rétt á því að fá allar þær upplýsingar sem foreldrar búa yfir varðandi barnið?

Ef svo er, af hverju?

Hvernig og hverjum nýtist það í skólastarfi?

Hvað með að viðkvæmar trúnaðarupplýsingar vera komnar í of margar hendur?

#### **4. Viðhorf kennarans til foreldrasamstarfsins sem er í gangi í vetur**

Hvað er kennarinn að gera núna í vetur varðandi foreldrasamstarfið?

Er hann ánægður með samstarfið?

Ef já? Hvernig?

Ef nei? Af hverju?

Hvað eru foreldrar að gera núna í vetur varðandi bekkinn hans?  
Leyfir hann foreldrum að mæta í kennslustund og fylgjast með?  
Verða þeir að fá leyfi hjá honum áður?  
Hvað finnst þér um það?

### **5. Viðhorf kennarans til ýmissa leiða í foreldrasamstarfi**

Nefna einstakar hugmyndir:

Hvað finnst þér um að kennari skipuleggi vinnuhringi til að þjappa nemendum saman og koma til dæmis í veg fyrir einelti?

Á hann að heimsækja þá?

Af hverju? Eða ekki?

En ef hann fær borgað fyrir það?

Finnst þér að kennari eigi að skipuleggja ýmsar upptökur innan skólans í sínum frítíma?

Hvað ef hann fær borgað fyrir það?

Telur þú að kennari eigi að mæta í skólann á alla nemendaviðburði sem foreldrafélagið hefur skipulagt svo sem spilakvöld, upptökur fyrir jól, páska, sumardaginn fyrsta, gestafyrirlesara eða ýmiss forvarnarstörf sem eru í gangi?

Af hverju /eða ekki?

En ef hann fær borgað fyrir það?

Hver á að sjá um skipulag á ýmsum upptökum í skólanum það er skólinn, foreldrar eða foreldrafélagið?

Af hverju?

Hvað ef kennari fengi borgað fyrir það?

Hvað finnst þér um þær hugmyndir að kennari fari í heimsókn til nemenda til að ræða við þá og foreldra til að kynnast þeim betur?

Af hverju/eða ekki?

Ef þú fengir borgað sérstaklega fyrir þessar heimsóknir myndi viðhorf þitt breytast?

Hvað finnst þér um það að virkja foreldra betur þannig að þeir geti gerst sjálfboðaliðar í skólanum?

Hvernig myndir þú sjá það fyrir þér? Ef já.... ef nei..

Hvert leitar þú ef erfið mál koma upp á borðið hjá þér?

Ef, eða hvaða ferli myndir þú nota þegar slík mál koma upp?

Varðandi barnið eða samskiptaörðuleika við foreldra?

Boðar þú foreldra strax á fund?

Eða boðar þú foreldra og barn saman á fund?

Haða boðleiðir notar þú? Símann eða tölvusamskipti?

#### **6. Hvernig myndi hann vilja hafa samstarfið í framtíðinni?**

Hugmyndir kennarans:

Hvernig myndi hann vilja hafa þetta *ef*:

Hann fengi betur borgað fyrir það?

#### **7. Viðhorf kennarans til almenns og formlegs skólastarfs**

Hvaða reglur finnst þér að kennari eigi að fylgja varðandi foreldrasamstarfið?

Ertu sammála því að hann eigi að styðjast við: Lög, reglugerðir, kjarasamninga, fagmennsku?

Eða á hann að fylgja eigin hugboði og tilfinningu?

Telur þú að kennarar séu almennt meðvitaðir um það að samkvæmt lögum ber umsjónarkennurum (þeim) skylda til að stýra foreldrasamstarfinu og þeir eiga að gefa foreldrum góða leiðsögn og skýr skilaboð í þeim efnum?